

Mál nr. 288/2017
M og
V v. réttaraðstoðartryggingar

Krafa um réttaraðstoðartryggingu. Frávísun

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.8.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-23
2. Bréf V dags. 15.9.2017 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf lögmanns A dags. 7.8.2017

Málsatvik.

M krefst þess að úrskurðað verði að hann eigi rétt á að M greiði útlagðan kostnað og áfallinn kostnað vegna málsóknar gegn T og byggir á því að V eigi að bera kostnað af málarekstrinum. Þá vísar M til þess að réttaraðstoðartrygging sé til þess að gera viðkomandi tjónþola kleift að höfða mál og framkvæmd þessara mála hjá V sé ekki í samræmi við reglugerð nr. 510/2017. V segist hafa samþykkt að dómsmál vegna ágreinings M og T falli undir réttaraðstoðartryggingu M hjá V og ágreiningur sé eingöngu um hvenær greiðsla bóta fari fram. Ágreiningur aðila varði því ekki bótaskyldu, sök eða sakarskiptingu eða ákvæði l. nr. 30/2004 um váttryggingasamninga sbr. 1.mgr. 3.gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd váttryggingamála og með vísan til þessa krefst V að málinu verði vísað frá nefndinni. Verði málinu ekki vísað frá bendir V á grein 2.1. í váttryggingaskilmálum 10. kafla, þar sem segir að það sé ein forsenda þess að bætur séu greiddar að mál hafi verið til lykta leitt með dómi, úrskurði eða dómssátt skv. 109.gr. l. nr. 91/1991 og því stofnist ekki greiðsluskylda V fyrr en ljóst hafi orðið um lyktir málsins.

Álit.

Ekki er ágreiningur um bótaskyldu í máli þessu, heldur hvenær bætur skuli greiddar. Í 3.gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum segir hvert verksvið nefndarinnar er. Þar segir að nefndin úrskurði um ágreining sem varðar bótaskyldu þ.m.t. sök og sakarskiptingu milli málsskotsaðila og váttryggingafélags sem starfsleyfi hefur hér á landi, sem og ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga. Þá segir í nefndri grein samþykktanna, að nefndin úrskurði hvort ágreiningur aðila heyrir undir nefndina, en telji nefndin svo ekki vera vísi hún máli frá. Í máli þessu er eins og að framan greinir ekki ágreiningur um bótaskyldu, sök, sakarskiptingu og ágreiningurinn varðar ekki ákvæði laga nr. 30/2004. Málið heyrir því ekki undir nefndina og er því vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá

Reykjavík 31.10 2017.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur S. Martinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.